

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007,
lóðir við Ægissíðu (norður).

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur 1987-2007 frá 25. september 1987.

Breytingin felst í því að svæði sem skilgreint er sem iðnaðar- og athafnasvæði breytist í íbúðarlóðir.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 15. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.